



Hafnarfjörður

Minnisblað

Viðtakandi: Bæjarráð – Minnisblað
Efni: Hækkun á lántökuheimild - Tillaga
Dags: 9. júlí 2026
Málsnúmer: 2502769 – Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2026 og 2027-2029
Sendandi: Þórður Þórarinsson, bæjarstjóri

Lagt er til að bæjarráð samþykki, í umboði bæjarstjórnar, að hækka lántökuheimild A-hluta á árinu 2026 um 3.000 m.kr.

Lántökuheimild A-hluta á árinu 2026 er 4.500 m.kr. skv. fjárhagsáætlun ársins en hún verður 7.500 m.kr. eftir hækkunina.

Gert er ráð fyrir að viðbótar lántaka yrði til allt að 7 ára til að mæta miklum framkvæmdum hjá bænum á sama tíma og hægst hefur á framkvæmdum hjá verktökum og öðrum húsbyggjendum nú þegar vextir og aðrar efnahagslegar aðstæður eru erfiðar.

Lagt er til að bæjarráð samþykki að veita sviðsstjóra fjármálasviðs heimild til að óska eftir tilboðum í þessa viðbótar lántöku. Tilboð og tillaga til lántöku verður lögð fyrir bæjarráð og fyrir bæjarstjórn til samþykktar.

Þórður Þórarinsson

Bæjarstjóri